



## 276. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 15. desember 2011 kl. 19:30 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Helga Guðmundsdóttir varamaður, HG  
Egill Egilsson, EE  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágústdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

##### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 480 dags. 08.12.2011.

Fundargerð framlögð.

##### Liður 1 fundargerð æskulýðs-og íþróttanefndar dags. 23.11.2011(45.fundur).

Fundargerð framlögð.

**Liður 3 Ungmennaráð:** Í ráðinu eru Benedikt Óskarsson, Páll Grétarsson.

Leggjum til að skipuð verði: Leifur Harðarson, Dagný Rún Þorgrímsdóttir og Elín Sóley Reynisdóttir í stað Ernu Rutar Kristjánsdóttur, Ólafar Rúnar Ásgeirsdóttur og Kristjáns Péturs Andréssonar.

**Samþykkt að skipa eftirtalda í ungmennaráð:** Leifur Harðarson, Dagný Rún Þorgrímsdóttir og Elín Sóley Reynisdóttir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Samþykkt að formaður æskulýðs-og íþróttanefndar verði í sambandi við stjórn leikfélagsins Grímnis varðandi aðstöðu fyrir hljómsveitaræfingar grunnskólanemenda í Hljómskálanum.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tók. LÁH**

Fundargerð samþykkt.



**Liður 2 fundargerð skipulags- og bygginganefndar, dags. 05.12.2011 (144. fundur).**

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** Ægisgata 1, niðurrif og nýbygging á lóð.

Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. Arnars Guðbrandssonar leyfi til að rífa núverandi hús við Ægisgötu nr. 1 og reisa nýtt hús á lóðinni, sbr. umsókn dags. 20.10.11, og teikningar frá Haraldi Valbergssyni B.F.Í, dags. 05.10.11. Stærðir: 197,9 m<sup>2</sup>, 719,2 m<sup>3</sup>.

Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. Skipulagslaga nr. 123 /2010 fyrir eigendum húsa við Tangagötu nr. 2, Ægisgötu nr. 2, 3, 5 og Austurgötu nr. 12. Athugasemdir bárust frá Rakel Olsen, mótt. 24.11.2011 og agustson ehf, mótt. 24.11.2011. Einnig er lögð fram umsögn frá Húsafriðunarnefnd mótt. 24.11.2011.

Nefndin leggur til að tillögu verði hafnað vegna framkominna athugasemda við grenndarkynningu. Nefndin hafnaði erindinu með þremur atkvæðum gegn tveimur.

**Samþykkt að vísa erindinu aftur til skipulags-og bygginganefndar, þar sem í bréfi umsækjenda kemur fram að hann sé reiðubúinn að laga teikningar þannig að þær komi til móts við athugasemdir.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 3** Arnarborg 12, frístundahús.

Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavíkur ehf. að byggja frístundahús við Arnarborg nr. 12, sbr. teikningar frá Sigurjóni Jónssyni dags. 1.11.2011. Stærðir: 124,8 m<sup>2</sup>, 453,3 m<sup>3</sup>.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 4** Aðalgata 2, endurnýjun og breyta húsi í hótél.

Aðalheiður Atladóttir /AF arkitektar ehf. óskar eftir f.h. Gistiver ehf., að breyta innra skipulagi hússins í gistiheimili sbr. teikningar dags. 30.11. 2011. Umsögn Húsafriðunarnefndar liggur fyrir dags. 21.11.2011.

Aðalteikningar eru í samræmi við umsögn Húsafriðunarnefndar en senda skal deiliuppdrætti af nánari frágangi á ytra byrði hússins til umsagnar hjá Húsafriðunarnefnd. Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tók: GDP**



**Liður 5** Reitarvegur 4a, viðbygging.

Hjörleifur Sigurþórsson/Verkfræðistofu Þráins og Benedikts sækir um f.h. Ingvars S. Jónssonar og Hjördísar Sigurbergisdóttur að byggja skála við íbúðarhúsið að Reitarvegi 4a, sbr. teikningar frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts dags. 11. 2011. Stærðir: 27,0 m<sup>2</sup>, 79,8 m<sup>3</sup>.  
Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 6** Silfurgata 40, klæða hús.

Hlíf Berg sækir um f.h. eigenda að klæða húsið að utan með bárujárni og mahony kanti, sbr. bréf dags 22.11. 11.  
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 8** Bókhlöðustígur 7, lóðarbreyting.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur að lóðarstærð á Bókhlöðustíg 7 verði skráð í samræmi við framlagt skipulag.  
Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tók: GDP**

Fundargerð samþykkt.

**Liður 11 tölvupóstur Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 02.12.2011 varðandi boð um þátttöku í tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólum.**  
Samþykkt að taka þátt í tilraunaverkefni um ytra mat á grunnskólum. Bæjarráð þakkar fyrir gott boð.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók: BA**

**Liður 12 bréf Héraðsnefnd Snæfellinga, dags. 17.11.2011 varðandi aukna samvinnu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.**  
Samþykkt að taka þátt um aukna samvinnu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



Tilnefningar í 3 málaflokka:

1. Aukin samvinna í skipulags og byggingarmálum. Tilnefnd: Gyða Steinsdóttir  
Tilnefning um Gretar D. Pálsson  
Feld með fjórum atkvæðum gegn þremur.  
Gyða Steinsdóttir samþykkt með 4 atkvæðum.
2. Aukin samvinna vegna íþyngjandi reglna í fráveitumálum. Tilnefning: Þór Örn Jónsson  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
3. Aukin samvinna Tónlistarskóla. Tilnefndur: Lárus Á. Hannesson  
Samþykkt.  
**Til máls tóku: ÍHS, GDP og LÁH**

**Liður 13 bréf Norska hússins, dags.01.12.2011 varðandi beiðni um styrk vegna sumarstarfs Norska hússins 2012.**

Samþykkt að veita Héraðsnefnd Snæfellinga 400.000 kr. vegna sumarstarfs í Norska Húsinu 2012.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 14 bréf Norska hússins, dags.01.12.2011 varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda 2012.**

Samþykkt að veita Héraðsnefnd Snæfellinga styrk, sem nemur álögðum fasteignagjöldum sem Stykkishólmsbær leggur á Norska húsið og geymslu að Reitarvegi 3 árið 2012.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 15 bréf Hafnasambands Íslands, dags.21.11.2011 varðandi umhverfisstefnu hafna.**

Samþykkt að vísa erindi til hafnarstjórnar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 16 tilnefning í 17. júní nefnd 2012.**

Tilnefndir eru:

Aðalmenn:	Til vara:
Erna Guðmundsdóttir form.	Róbert A. Stefánsson
Hafþór Guðmundsson	Anna Reynisdóttir
Sigurdís Gísladóttir	Sveinn Arnar Davíðsson
Lára Guðmundsdóttir	Þorsteinn Eyþórsson
Guðmundur Helgi Þórsson	Þórhildur Pálsdóttir

**Til máls tóku: ÍHS, GDP og LÁH**

**Liður 17 tölvupóstur Leikfélagsins Grímnis, dags. 09.09.2011 varðandi starfsemi leikfélagsins.**



Samþykkt að ganga frá skuldum Leikfélagsins Grímnis í samræmi við erindið og greiðslur verða skuldfærðar á viðskiptareikning Leikfélagsins hjá Stykkishólmsbæ og greiðist niður með styrkjum Stykkishólmsbæjar til Leikfélagsins í framtíðinni. Leikfélagið mun leggja fram ársreikning og ársskýrslu.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: BA, GDP, GS, ÍHS, EE og LÁH**

**Liður 18 bréf Snorrasjóðs, dags. 07.11.2011 varðandi stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2012.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 19 bréf Umhverfisstofnunar, dags.30.11.2011 varðandi áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.**

Samþykkt að vísa erindi til hafnarstjórnar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 20 bréf Guðbrands Björgvinssonar dags. 6.12.2011 varðandi Ægisgötu 1.**

Samþykkt að vísa bréfinu til skipulags- og bygginganefndar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 21 Norðurljósahátíð 2012.**

Bæjarráð felur safna-og menningarmálanefnd að tilnefna þrjá fulltrúa í undirbúningsnefnd fyrir Norðurljóshátíð 2012.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Til máls tóku: GDP og LÁH**

**Liður 22 tilboð í tryggingar Stykkishólmsbæjar gildir frá 1.1.2012.**

Eftirfarandi tilboð bárust:

Frá VÍS	samtals kr. 4.642.016
Frá TM	samtals kr. 4.335.748
Frá Sjóvá	samtals kr. 5.129.995

Vörður tryggingar sendi ekki inn tilboð í þetta skiptið.

Samþykkt að ganga til samninga við TM um tryggingar Stykkishólmsbæjar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



## **Liður 23 samþykkt um meðhöndlun úrgangs hjá Stykkishólmsbæ og gjaldskrá.**

Samþykktir og gjaldskrá samþykkt.

## **Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

## **Liður 24 tillaga bæjarstjóra um breytingu á áður samþykktri gjaldskrá útsvars og fasteignagjalda árið 2012.**

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2012 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 14.48%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2012. Til samanburðar eru tölur fyrra árs innan sviga.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,43%	(0,45%)
Fasteignaskattur B-flokkur	1,32%	(1,32%)
Fasteignaskattur C-flokkur	1,65%	(1,65%)
Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	1,44%	(2,00%)
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%	(2,50%)
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%	(6,00%)
Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,20%	(0,24%)
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,26%	(0,26%)

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. íbúð 39.800 kr. (35.850 kr.)  
(miðað við byggingavísitölu 558,2 nóvember 2011.)

Sorphirðu og/eða sorpeyðingargjöld af fyrirtækjum verði innheimt skv. sérstakri gjaldskrá.

### **Ellilífeyrisþegar:**

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur og er hámarksafsláttur kr. 63.100.- (59.800.-)

Afsláttur vegna einstaklinga:

<b>Tekjumörk:</b>	<b>Afsláttur:</b>
Milli 0 til 2.297.327	100% ( 0 til 2.177.561)
2.297.328 til 2.524.281	75% (2.177.562 til 2.392.683)
2.524.282 til 2.770.918	50% (2.392.684 til 2.626.463)
2.770.918 til 3.004.819	25% (2.626.464 til 2.848.170)
3.004.819 og hærra	0% (2.848.170 og hærra)

Afsláttur vegna hjóna:

<b>Tekjumörk:</b>	<b>Afsláttur:</b>
Milli 0 til 3.881.370	100% (Milli 0 til 3.679.024)
3.881.371 til 4.111.798	75% (3.679.024 til 3.897.439)
4.111.799 til 4.356.120	50% (3.897.440 til 4.129.024)



4.356.121 til 4.579.601	25%	(4.129.025 til 4.340.854)
4.579.602 og hærra	0%	(4.340.854 og hærra)

**Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2012.**

Tillaga samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Til máls tóku: GDP og GS**

**Liður 25 tillaga um reglur og gjaldskrá fyrir gámasvæðið við Snoppu gildistaka 1.1.2012.**

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók: GS**

**Liður 26 tillaga um breytingu á reglum og gjaldskrá fyrir geymslusvæðið að Heljarmýri.**

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 27 framlenging skammtímaláns hjá Lánasjóði sveitarfélaga.**

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar veitir Gyðu Steinsdóttur, kt. 040570-5199, bæjarstjóra hér með heimild til að framlengja skammtímalántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 60.000.000 kr. Heimildin gildir til 31. mars 2012.

**Liður 30 tillaga um breytingu á gjaldskrá stöðuleyfa fyrir gáma gildistími frá 1.1.2012.**

Tillaga samþykkt.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 31 tilnefning í svæðisskipulagsnefnd.**

Samþykkt að tilnefna Theódóru Matthíasdóttur og Gretar D. Pálsson.

**Liður 32 tónlistarnám nemenda utan Stykkishólms skólaárið 2010-2011, en með lögheimili í Stykkishólmi.**

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins.

**Til máls tóku:GS, LÁH, GDP, GJÁ, EE, BA og ÍHS**

**Liður 33 sala á gamla slökkvibílnum.**



Samþykkt að taka tilboði Óskars Eypórssonar að kr. 350.000.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku:HG og LÁH,**

Fundargerð samþykkt.

## **2. Fundargerðir nefnda.**

### **2.1. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 23.11.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 05.12.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

### **2.3. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 07.12.2011.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Bæjarstjórn tekur undir áherslur atvinnumálanefndar þess efnis að leitað verði leiða til að tryggja opnun veitingastaða yfir vetrartímamann.

Bókun:

Vegna umræðu um starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í Stykkishólmi vilja undirrituð koma eftirfarandi á framfæri.

Mikil vinna hefur verið í gangi frá því í apríl 2011 varðandi starfsemi HVE í Stykkishólmi af hálfu fulltrúa Velferðarráðuneytis, HVE á Akranesi, HVE í Stykkishólmi og Stykkishólmsbæjar. Vinnuhópurinn skilaði skýrslu sem birt var í Stykkishólmspóstinum í júlí síðastliðnum og hefur verið unnið áfram með hliðsjón af niðurstöðu hennar og fyrirbyggjandi fjárlaga. Öllum flötum starfsemi HVE hefur verið velt upp og í því samhengi skoðað að sameina starfsemi dvalarheimilis Stykkishólms og HVE í húsnæði HVE. Einnig hefur verið ræddur sá möguleiki að Stykkishólmsbær yfirtaki rekstur HVE í Stykkishólmi. Niðurstaðna vinnuhópsins er að vænta á næstunni.

Lárus Hannesson  
Berglind Axelsdóttir  
Egill Egilsson  
Helga Guðmundsdóttir

**Til máls tóku:GDP, GS, ÍHS, EE og LÁH**

## **3. Fjármál.**

### **3.1. Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 – seinni umræða.**

**Samþykkt að breyta framkvæmadáætlun, setja 500.000 kr. í Þróunarfélag Snæfellsness og lækka liðin annað í 4.650.000 kr.**





## Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 var eins og áætlanir fyrri ára unnin í góðu samstarfi meirihluta og minnihluta bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Gott samráð var haft við forstöðumenn stofnana og var við áætlanagerðina tekið tillit til tillagna þeirra um rekstur, viðhald og tækifæri til hagræðingar. Enn er mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi og sveiflur miklar sem leiðir til fleiri óvissupátta eins og t.d. áhrif verðbólgu á fjárhag sveitarfélagsins.

Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem taka gildi 1.1.2012 er búið að setja sveitarfélögum viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu. Má þar helst nefna jákvæða rekstrarniðurstöðu á þriggja ára tímabili og að heildar skuldir og skuldbindingar A og B hluta sveitarsjóðs verði ekki hærrí en 150% af reglulegum tekjum. Stykkishólmsbær þarf eins og önnur sveitarfélög að taka tillit til þessa í áætlunum sínum fyrir árið 2012. Nauðsynlegt er að fylgjast gaumgæfilega með framvindu kostnaðar í samanburði við áætlun til að bregðast við hið fyrsta ef merki sýna aðra þróun í kostnaði en upphaflega var lagt upp með. Eins er mjög mikilvægt að menn standi saman og vinni sameiginlega að því að verja þjónustu við íbúana í bænum.

Á árinu 2011 hefur mikils aðhalds verið gætt í rekstri Stykkishólmsbæjar. Bæjarstjórn þakkar forstöðumönnum stofnana og skólastjórnendum fyrir þeirra hlutdeild við að gæta aðhalds í rekstri og þar með gera það mögulegt að halda áfram óbreyttu þjónustustigi við íbúa Stykkishólms.

Til að standa undir kostnaði við rekstur sveitarfélagsins hefur m.a. þurft að styrkja tekjustofna þess með hækkun á gjaldskrám að einhverju leyti þar sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur farið lækkandi frá því sem áður var. Helstu breytingar á gjaldskrám Stykkishólmsbæjar sem ekki eru nú þegar bundnar breytingum á vísitölu neysluverðs er í fyrsta lagi 5% hækkun á leikskólagjöldum, og í öðru lagi hækkun um 11% á sorphirðugjaldi. Í þriðja lagi lækkar álagningarprósenta fasteignaskatts A á íbúðahúsnæði úr 0,45% í 0,43%. Í fjórða lagi lækkar álagningarprósenta holræsagjalds úr 0,24% í 0,20% af íbúðahúsnæði. Var ákvörðun um breytingu álagningarprósentu fasteignagjalda tekin með tilliti til mikillar hækkunar á fasteignamati og lóðamati eigna í Stykkishólmi. Með lækkun álagningarprósentu munu gjöldin hækka um 5-6%, annars hefði hækkun fasteignagjalda orðið um a.m.k. 20% á milli ára. Að lokum ákvað bæjarstjórn að útsvarshlutfall árið 2012 verði óbreytt, þ.e. 14,48%.

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar eru: Leiktæki við Grunnskólann og leikvelli, stígagerð, Súgandisey hönnun og lagfæring stíga, eldvarnir í Ráðhúsinu, aukið hlutfé Jeratúns, þátttaka í Svæðisgarði Snæfellsness og vatnshús við Skipavíkurhöfn.

Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og bæjarritara fyrir góða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2012 eru þessar:

### A-hluti:



Skatttekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar 608,0 m.kr., aðrar tekjur 172,9 m.kr. Tekjur samtals eru því kr. 780,9 m.kr. Rekstur málaflokka er áætlaður um 696,9 m.kr. Fjármagnsliðir eru 77,5 m.kr. Mismunur tekna og gjalda A-sjóðs sveitarfélagsins er því afgangur um 6,5 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 92,9 m.kr., afborganir langtímalána 110,3 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 54,3 m.kr.

**A og B hluti:**

Tekjur eru áætlaðar 835,7 m.kr. en rekstrargjöld 724,5 m.kr. Fjármagnsliðir eru 105,1 m.kr. Tekjur umfram gjöld verða því um 6,1 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 117,8 m.kr., fjárfestingar 40,0 m.kr., afborganir langtímalána 137,6 m.kr., lántaka verður 60,0 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 54,3 m.kr.

**Til máls tóku: allir**

**3.2. Drög að þriggja ára fjárhagsáætlun 2013-2015, dags. 08.12.2011 fyrri umræða.**

Samþykkt að vísa þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir 2013-2015 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 21:40**

**Þór Örn Jónsson**